

2. fundur framkvæmdaráðs Vaxtarsamnings Suðurlands og Vestmannaeyja

Haldinn að Austurvegi 56 Selfossi, 31. janúar 2007, klukkan 14:00

Mætt voru:

Friðrik Pálsson, Snorri Finnlaugsson, Elvar K. Valsson, Hörður Sigurgestsson og Jóna Sigurbjartsdóttir.

Einnig voru mætt:

Róbert Jónsson og Steingerður Hreinsdóttir frá Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands (APS), sem ritaði fundargerð.

Elliði Vignisson og Hrafn Sævaldsson voru með á símafundi.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Setning fundar

Formaður setti fund og gekk til dagskrár

2. Farið yfir stöðu verkefna úr skýrslu IVR

Framkvæmdastjóri kynntu stöðu verkefna úr skýrslu IVR.

3. Ný verkefni

Lögð voru fram þrjú erindi fyrir framkvæmdaráð.

South Iceland ehf. og Ferðamálasamtök Suðurlands: Verkefnið miðast við að komið verði á fót Markaðsstofu fyrir ferðaþjónustuaðila á svæðinu. Framlag Vaxtarsamningsins til verkefnisins er kr. 1.668.000.-

Heklusetrið: Framkvæmdaráð kallar eftir frekari samvinnugrundvelli og klasamyndun.

Menningar- og ferðaþjónustuklasaverkefni í uppsveitum Árnassýslu: Framkvæmdarráð kallar eftir frekari skilgreiningu á samvinnugrundvelli og þeirri vinnu sem farið hefur fram.

Framkvæmdaráð samþykkir að unnar verði verklagsreglur vegna nýrra verkefna sem berast ráðinu. Elvar gerir drög.

4. Undirbúningsfundir fyrir sjávarútvegsráðstefnu í VM

Hrafn Sævaldsson gerði grein fyrir undirbúningi ráðstefnunnar.

5. Undirbúningur Atvinnumálaráðstefna á Selfossi

Lögð fram drög að ráðstefnu um atvinnumál á Suðurlandi. Framkvæmdaráð samþykkir að vera með tvö erindi um Vaxtarsamninginn og klasa.

6. Þátttaka í formi sérfræðivinnu eða öðru, m.a. Byggðastofnun

Framkvæmdarstjóri kynnir hugmyndir Byggðastofnunnar að aðkomu að Vaxtarsamningi.

7. Kostnaðaráætlun, drög

Framkvæmdarstjóri kynnir drög að kostnaðaráætlun fyrir Vaxtarsamninginn á árinu 2007. Framkvæmdaráð samþykkir áætlunina.

8. Háskólanám á Suðurlandi, óska eftir fundi

Framkvæmdarstjóri dreifir gögnum frá verkefnastjóra um háskólafélag á Suðurlandi þar sem óskað er eftir fundi með framkvæmdaráði. Framkvæmdaráð samþykkir að hitta verkefnastjórn sem fyrst.

Sjávarútvegsklasi Vestfjarða, kynningargögn

Framkvæmdarstjóri kynnir gögn um sjávarútvegsklasa á Vestfjörðum.

9. Heimasíða verkefnisins

Kynntar hugmyndir um heimasíðu fyrir verkefnið.

10. Logó

Lagðar fram tillögur um logo fyrir verkefnið. Framkvæmdaráð samþykkir að óska eftir tillögum um logo frá aðilum í Vestmannaeyjum.

11. „Klasatorg”, samantekt frá fyrsta fundi vettvangs um nýsköpun og byggðarþróun

Dreift var samantekt fyrsta fundar “Vettvangs um nýsköpun og byggðarþróunar.”

12. Kynningarmál, Glugginn, Sunnlenska

Samþykkt að starf framkvæmdaráðs verði kynnt í fjölmiðlum.

13. Kynningarfundir um klasa

Elvar K. Valsson dreifði minnisblöðum um væntanlega kynningarfundir sem á að halda á Suðurlandi.

Næsti fundur framkvæmdaráðs og aðalstjórnar:

Næsti fundur í aðalstjórn Vaxtarsamningsins er fyrirhugaður, miðvikudaginn **7. febrúar 2007, klukkan 14:00 á Selfossi**

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:55

Steingerður Hreinsdóttir